

Að lifa fyrir núíð og nautnina

Allmargar skáldsögur þessa árs tengjast aldamótaárinu 2000 enda núíð nærtækur tími í skáldskap við aldarlok. Sem dæmi mætti nefna Fyrirlestur um hamingjuna, Dís og Oddaflug en þessar bækur eiga það einnig sameiginlegt að fjalla um konur. Og enn ein bætist í hópinn: Strengir eftir Rögnu Sigurðardóttur sem þegar hefur getið sér gott orð fyrir skáldsögur sínar Borg og Skot. Sögur hennar eru sérkennilegar og einkennast mjög af einskonar töfraraunsæi. Í Strengjum er fjallað um náttúruna, manninn, ástina og kynlífið. María og Bogi eru ungt og hamingjusamt par í taumlausu tilhugalífi en þau missa smám saman tókin á ástinni. Freistingarnar eru margar og kynlíf ekki bara ástarnautn og innileiki milli tveggja aðila heldur tilraunir og útrás fyrir þörfina að prófa allt sem talið er að hinir séu að gera. Þegar farið er yfir strikið hjá unga parinu slitnar sambandið en strengurinn milli þeirra gerir það ekki. Þau taka síðar upp ástarsamband í meinum en sársauki, gamall og nýr, fylgir þeim.

Í Strengjum er brugðið upp mjög sannfærandi mynd af hjónabandi á tímum sem einkennast af undanhaldi gamalla gilda. Staða bæði eiginkvenna og hjákvenna er erfið og sársaukafull þegar um framhjáhald er að ræða, þær eru fórnarlömb aðstæðnanna. Ingunn sættir sig við ástkonu manns síns vegna vináttunnar, öryggisins og allra góðu árána sem þau hjónin áttu. Sigrún bíður þess að framhjáhald Boga líði hjá og hann verði hennar að nýju. María finnur fyrir djúpri afbrýðissemi og kvöl gagnvart hjónabandi Boga en ástin er yfirsterkari. Í öllum látunum er erfitt að fóta sig og vita hvað manni er fyrir bestu. Að lifa aðeins fyrir núíð og nautnina kann varla góðri lukku að stýra.

Margir strengir óma saman í sögunni líkt og í góðri símfóníu. Einn þeirra er ósýnilegur náttúruandi í fjólbláu pilsu sem svífur yfir vötnum sögunnar, einskonar kvenkyns verndarengill Maríu. Það eru líka náttúruöflin sem ýta við Maríu þegar hún er komin í blindgötu. Víða skjóta upp kolli ýmsar hliðstæður, fyrirboðar og táknsæi er víða beitt, t.d. er María ástrík meyja, Eva tálkvendið og Boginn á milli tveggja kvenna. Ár, lækir og haf tengjast sálarstríði allra kvennanna á táknrænan hátt. Strengir er langt frá því að vera bara ástarsaga, þetta er mjög vel byggð, djúp og alvarleg saga sem tekst á við skáldsagnaformið af mikilli list. Efni sögunnar er sammanlegt og snertir streng í brjósti hvers lesanda enda persónurnar ljóslifandi og trúverðugar. Stíllinn fellur mjög vel að efninu, t.d. er hvunnudagur Maríu alltaf sýndur í slómósíón en hún er ofurróleg og lítil framkvæmdamanneskja. Tími sögunnar er njörvaður niður í upphafi hvers kafla, hann er á mörgum plönunum, allt frá vinnukonu í barnsnauð á dögum Æra-Tobba til einstæðrar móður á tuttugustu öld. Textinn er mjög fallegur eins og sjá má t.d. á bls. 109 þegar orðin breytast í steina til að stikla á yfir í draumalandið. Skáldsagan Strengir er ekki meðal bóka sem tilnefndar voru til íslensku bókmenntaverðlaunanna í ár en hefði svo sannarlega sómt sér þar.

Ragna Sigurðardóttir
2000